

## Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn í Árnesi 29. október 2024, kl. 15:00

---

### 1. Formaður setur fundinn.

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aðalfund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Hér var gengið til dagskrár:

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Hulda Kristjánsdóttir lagði til að Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps verði fundarritari og hún sjálf fundarstjóri.  
*Tillagan samþykkt samhljóða.*

### 3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins 2023.

Hulda Kristjánsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu fóru að því loknu yfir helstu atriði í starfseminni ásamt tölulegum upplýsingum frá árinu 2023.  
*Fundarmenn ræddu ýmis atriði er varða þjónustuna og reifuðu hugmyndir um þróun þjónustunnar til framtíðar. Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.*

### 4. Fjárhagsáætlun næsta árs

Deildarstjórar lögðu endanleg drög að fjárhagsáætlun fyrir stjórn á fundi 28. október. Stjórn samþykkti að framlögð fjárhagsáætlun yrði lögð fyrir aðalfund. Deildarstjórar fóru yfir helstu tölur í fjárhagsáætlun.  
*Fjárhagsáætlun ársins 2025 borin upp og samþykkt samhljóða. Verður áætlunin nú send til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar í hverri sveitarstjórn.*

### 5. Tillaga um breytingu á stofnsamningi

Fyrir aðalfundi liggur tillaga frá deildarstjórum um breytingu á stofnsamningi. Deildarstjórar kynntu efni og innihald tillögunnar sem snýr af því að fagnefnd verði lögð niður og verkefni nefndarinnar færð til stjórnar byggðasamlagsins..  
*Lögð var fram tillaga um að afgreiðslu tillögunnar verði frestað og henni vísað til stjórnar og í framhaldinu til afgreiðslu á næsta aðal- eða aukaaðalfundi SVÁ. Tillagan um frestun borin upp og samþykkt samhljóða.*

### 6. Ráðning löggilts endurskoðanda

Formaður leggur til að KPMG sjái um endurskoðun og gerð ársreiknings byggðasamlagsins á árinu 2024 líkt og árið 2023.  
*Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.*

## 7. Önnur mál

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar fór yfir bókun stjórnar frá 22. október 2023 þar sem stjórn samþykkti að leggja til við aðalfund að mat á kostnaði við málefni fatlaðs fólks og skiptingu kostnaðar í þeim málaflokki á milli sveitarfélaga fari fram á árinu 2025 í stað 2024 líkt og ákvæði til bráðabirgða í stofnsamningi kveður á um.

*Tillaga formanns samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:03

*Aldís Hafsteinsdóttir, fundarritari*